

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 18100009

Ákvörðun 42/2020

Þann 28. júlí 2020 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 42/2020

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók til umfjöllunar erindi sem laut að vistun einstaklings í fangaklefa lögreglu. Nefndin ákvað í tilefni af þeim athugasemdum sem fram komu í því erindi, með vísan til d-liðar 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, að taka til umfjöllunar og skoðunar verklag lögreglu hvað varðar lækniástoð á meðan á vistun í fangaklefa stendur og hvaða mat er undanfari þess að kallaður er til læknir og/eða hjúkrunarfræðingur til að meta ástand þess handtekna. Þess ber að geta hér að nefndinni hafa borist aðrar kvartanir með sambærilegum athugasemdum eftir að nefndin réðst í þessa athugun sem reisti enn frekari stoðir undir frumkvæðisathugun þessa.

Í máli þessu fór nefndin þess á leit við lögreglustjóra landsins, með bréfi dags. 17. desember 2018, að nefndinni yrðu látnar í té upplýsingar um verklag þegar afstaða er tekin til þess hvort tilefni sé til að færa handtekna menn undir læknishendur sem og afrit reglna og fyrirmæla, frá hverju og einu embætti.,.

Óskað var svara við eftirfarandi spurningum:

1. Þess er óskað að nefndinni verði send afrit af verklagsreglum embættisins um það hvernig meta skuli hvort tilefni sé til að kalla eftir lækniástoð vegna líkamlegs/andlegs ástands handtekinna manna sem vistaðir eru í fangaklefa lögreglu.
2. Óskað er upplýsinga um hvaða starfsmaður embættisins metur hverju sinni hvort óska eigi eftir lækniástoð vegna einstaklinga sem vistaðir eru í fangaklefa.
3. Óskað er sérstaklega eftir upplýsingum um það hvernig ofangreindu mati sé háttað ef um einstaklinga undir lögaldri er að ræða og hvort í slíkum tilvikum sé haft samráð við viðkomandi barnaverndaryfirvöld bæði fyrir töku ákvörðunar um vistun í fangaklefa og við mat á því hvort tilefni sé til að óska eftir lækniástoð.
4. Ef reglur hafa ekki verið settar, sbr. spurningu nr. 1, er þess óskað að embætti yðar láti nefndinni í té lýsingu á því verklagi sem það fylgir um ákvarðanir varðandi mat á því hvenær tilefni sé til að kalla eftir lækniástoð vegna líkamlegs/andlegs ástands handtekinna manna sem vistaðir eru í fangaklefa lögreglu.

Áréttað er að með ofangreindu er bæði átt við verklag og reglur þegar afstaða er tekin til þess hvort tilefni sé til að færa handtekna menn undir læknishendur.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 18100009

Nefndinni bárust upplýsingar um framangreint frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi Eystra, þann 3. janúar 2019, Lögreglustjóranum á Vesturlandi, Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, þann 7. janúar 2019, Lögreglustjóranum á Suðurlandi, þann 10. janúar 2019, þann 16. janúar 2019, Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum, þann 16. janúar 2019, Lögreglustjóranum á Vestfjörðum, þann 24. janúar 2019, Lögreglustjóranum á Austurlandi, þann 30. janúar 2019, Lögreglustjóranum á Norðurlandi Vestra, þann 31. janúar 2019, Ríkislögreglustjóra þann 2. maí 2019 og frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, þann 5. júlí 2019.

Forsendur nefndarinnar

1.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 35. gr. a. í lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum, getur nefnd um eftirlit með lögreglu tekið atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til. Hvað varðar heimild nefndarinnar til að beina tilmælum til lögreglustjóra um ákveðnar aðgerðir fer eftir 4. mgr. 35. gr. a. sömu laga.

2.

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust upplýsingar ásamt verklagsreglum þar sem þær voru að finna frá öllum embættum landsins. Framkvæmdin virðist vera að mörgu leyti lík en þó alls ekki fest í skriflegar verklagsreglur hjá öllum embættum.

3.

Lögregla hefur samkvæmt 16. gr. laga nr. 90/1996, heimild til þess að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum, ef viðkomandi hefur ekki landvistarleyfi hér, ef hann á að afplána refsingu, ef hann hefur leyfislaut vikið úr fangelsi, ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun. Þá skal lögregla ávallt gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann verði færður á starfstöð lögreglu, þá má ekki halda manni lengur en nauðsyn ber til.

Um afskipti lögreglu af börnum gilda barnaverndarlög nr. 80/2002 og 18. gr. laga nr. 90/1996 en þar ber lögreglu að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim í endur forráðamanna eða barnaverndaryfirvalda teljist slíkt nauðsyn sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 80/2002.

Varðandi skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa þá gildir þriðji kafli fyrrnefndra laga en í 13. gr. kemur fram að lögreglu ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir og skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilega er eftir því sem á stendur.

4.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 18100009

Það fellur undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu að taka til skoðunar atvik og verklag að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til sbr. d-lið 1. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Skoðun nefndarinnar í máli þessu hefur leitt í ljós að þrátt fyrir að ákveðið verklag sé viðhaft í öllum lögregluumdæmum landsins er ekki alls staðar um skráð verklag að ræða. Nefndin bendir á að verklag það sem fyrir er hjá lögregluembættum landsins, skráð sem óskráð, sé að mörgu leyti ágætt. Hins vegar bendir nefndin á að mat á því hvort einstaklingur þurfi lækniástoð eða ekki geti verið erfitt sérstaklega í ljósi þess að einstaklingar eru oft í mjög slæmu ástandi þegar þeir eru fluttir í fangaklefa lögreglu. Lögreglumönnum er færð mikil ábyrgð í hendur að leggja mat á þetta og að mörgu leyti getur það ekki talist sanngjarnt að ætlast til þess að þeir noti heilbrigða skynsemi og eigið mat á örstundu til þess að meta eftir jafnvel óskráðu verklagi, til hvaða aðgerða skuli gripið við aðstæður sem til umfjöllunar eru í ákvörðun þessari. Því er það lögreglumönnum og almenningi til heilla ef slíkt verklag sé í senn vandað, skýrt og framkvæmanlegt.

Nefndin telur það eðlilegt að sett verði saman skriflegt samræmt verklag eins og kostur er við mat á því hvenær rétt sé að kalla til aðstoðar heilbrigðisstarfsmanns eða færa viðkomandi á heilbrigðisstofnun. Nefndin leggur til að lögreglan leiti aðstoðar embættis landlæknis við gerð verklagsreglanna og leggur áherslu á að reglurnar skuli aðlagðar að þörfum hvers umdæmis fyrir sig, sé þess þörf.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ástæðu til þess að beina tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra um að það hugi að því að setja samræmdar verklagsreglur fyrir öll embætti landsins um vistun fanga og mat á aðstæðum þegar kalla þarf til lækni/hjúkrunarfræðing sbr., 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, að teknu tilliti til athugasemda sem fram hafa komið í ákvörðun þessari. Við þá vinnu telur nefndin rétt að litið verði til reglna sem settar hafa verið hjá embættum Lögreglustjórans á Vesturlandi, á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, þar er verklaginu gerð góð skil með skýrum og skilvirkum hætti.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að huga að því að útfæra samræmt verklag allra embætti þegar afstaða skal tekin til þess hvort tilefni sé til að færa handtekna menn undir læknishendur.

Reykjavík, 28. júlí 2020.

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg Inga Jónsdóttir